

Ársreikningur

**RAFMENTT ehf.**

2019



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2019 .....	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2019 .....	6
Sjóðstreymi ársins 2019 .....	7
Skýringar .....	8 - 13

## **Stjórn félagsins RAFMENNT ehf.:**

Hjörleifur Stefánsson, formaður  
Andri Jóhannesson  
Haflíði Sívertsen  
Helgi Rafnsson  
Hilmar Guðmannsson  
Hrafn Guðbrandsson  
Sigurður Gunnarsson  
Vilmundur Sigurðsson

## **Framkvæmdastjóri:**

Þór Pálsson

## **Kjörinn endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 4,5 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 10,9 millj.kr. en var um 6,4 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 14,5 og launagreiðslur félagsins námu um 123,2 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 9 og launagreiðslur félagsins námu um 78,5 millj.kr. á árinu

Hlutfé félagsins skiptist þannig:

Rafiðnaðarsamband Íslands .....	250.000	50,0%
Samtök rafverktaka .....	250.000	50,0%
	<u>500.000</u>	

Áhrif faraldurs vegna COVID-19 veirunnar á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Ekki er fyrirséð um áhrif faraldursins á starfsemi félagsins en að mati stjórnar hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins.

Stjórn RAFMENNTAR staðfestir hér með ársreikning skólans fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. júní 2020

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa RAFMENNTAR ehf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins RAFMENNT ehf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu skólans á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð skólanum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi skólans. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa skólann upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi skólans:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á.

Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits skólans.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi skólans.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félagsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar skólans. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.



**Theodór Sigurbergsson**

**löggiltur endurskoðandi**

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 9. júní 2020

## Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Námskeiðagjöld .....		16.700.539	17.783.051
Framlög og aðrar tekjur .....	10	289.284.369	191.021.425
		<u>305.984.908</u>	<u>208.804.476</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Námskeiða- og verkefnakostnaður .....	11	( 61.978.520)	( 31.123.723)
Laun og tengd gjöld .....	12	( 172.869.764)	( 133.932.660)
Annar rekstrarkostnaður .....	13	( 59.644.098)	( 47.057.375)
Afskriftir .....	2, 4	( 6.982.174)	( 1.175.826)
		<u>( 301.474.556)</u>	<u>( 213.289.584)</u>
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði .....</b>		4.510.352	( 4.485.108)
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Fjármunatekjur .....		78.126	163.756
Fjármagnsgjöld .....		( 96.145)	( 40.073)
Hrein fjármagnsgjöld .....		<u>( 18.019)</u>	<u>123.683</u>
<b>Afkoma ársins .....</b>		<u>4.492.333</u>	<u>( 4.361.425)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	28.850.213	5.134.687
<b>Fastafjármunir</b>		<u>28.850.213</u>	<u>5.134.687</u>
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....		2.002.830	1.275.605
Kröfur á tengda aðila .....		4.335.349	0
Kröfur vegna verkefna .....	8	12.928.000	0
Aðrar kröfur .....		1.232.107	691.871
Handbært fé .....		3.610.059	35.164.334
<b>Veltufjármunir</b>		<u>24.108.345</u>	<u>37.131.810</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>52.958.558</u>	<u>42.266.497</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
Hlutfé .....		500.000	500.000
Óráðstafað eigið fé .....		10.395.539	5.903.206
<b>Eigið fé</b>	6	<u>10.895.539</u>	<u>6.403.206</u>
Skuldir við tengda aðila .....		135.966	1.073.841
Viðskiptaskuldir .....		7.149.507	9.111.671
Ólokin verkefni samkvæmt samningum .....	8	15.940.000	13.155.365
Ýmsar skammtímaskuldir .....		18.837.546	12.522.414
<b>Skuldir alls</b>		<u>42.063.019</u>	<u>35.863.291</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u>52.958.558</u>	<u>42.266.497</u>

## Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi .....		4.492.333	( 4.361.425)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	6.982.174	1.175.826
		<u>11.474.507</u>	<u>( 3.185.599)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....		( 5.602.810)	3.359.440
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....		7.137.603	4.040.580
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>1.534.793</u>	<u>7.400.020</u>
		<u>13.009.300</u>	<u>4.214.421</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4	( 78.697.700)	( 18.975.160)
Móttækin framlög vegna varanlegra rekstrarfjármuna .....		48.000.000	17.000.000
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<u>( 30.697.700)</u>	<u>( 1.975.160)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skuld við hluthafa; hækkun (lækkun) .....		( 13.865.875)	( 681.835)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>( 13.865.875)</u>	<u>( 681.835)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....		( 31.554.275)	1.557.426
Handbært fé í ársbyrjun .....		35.164.334	33.606.908
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<u>3.610.059</u>	<u>35.164.334</u>



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Aðalstarfsemi félagsins RAFMENNT ehf. er fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins RAFMENNT ehf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2019	2018
Laun .....	123.215.136	78.459.468
Lífeyrissjóðsgjöld .....	18.537.046	11.417.148
Önnur launatengd gjöld .....	18.355.291	14.582.200
Annar starfsmannakostnaður .....	5.848.741	4.581.886
	<u>165.956.214</u>	<u>109.040.702</u>
Þátttaka fræðsluskrifstofu í launum .....	( 19.287.359)	0
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>146.668.855</u>	<u>109.040.702</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf .....	<u>14,5</u>	<u>9</u>
Launagreiðslur til stjórnenda félagsins:		
Framkvæmdastjóri - stjórnar- og kennslulaun .....	14.617.159	13.762.809
Stjórnarmenn .....	3.954.569	2.106.129

#### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Innréttingar og búnaður	Kennslutæki og tölvubún.	Samtals
Heildarverð 1.1. 2019 .....	6.029.856	21.021.646	27.051.502
Afskrifað áður .....	( 3.278.595)	( 18.638.220)	( 21.916.815)
	2.751.261	2.383.426	5.134.687
Viðbót á árinu .....	63.934.237	14.763.463	78.697.700
Móttækin framlög vegna innréttinga .....	( 42.000.000)	( 6.000.000)	( 48.000.000)
Afskrifað á árinu .....	( 4.405.367)	( 2.576.807)	( 6.982.174)
Heildareign 31.12. 2019 .....	<u>20.280.131</u>	<u>8.570.082</u>	<u>28.850.213</u>
Afskriftarhlutföll .....	20%	20-30%	

#### 5. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2019	2018
Viðskiptamenn .....	1.890.870	1.275.605
Greiðslukort .....	111.960	0
	<u>2.002.830</u>	<u>1.275.605</u>
<b>Aðrar skammtímakröfur</b>		
Fyrirframgreiðslur vegna verkefna .....	0	630.000
RAFMENNT ehf. ....	656.203	0
Fyrirframgreiðslur .....	401.829	0
Fyrirframgreid laun .....	83.851	0
Félag rafeindavirkja .....	78.490	38.197
Fjármagnstekjuskattur .....	11.734	23.674
	<u>1.232.107</u>	<u>691.871</u>

#### 6. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 500 þús.kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	500.000	5.903.206	6.403.206
Hagnaður ársins .....		4.492.333	4.492.333
Eigið fé samtals 31.12. 2019 .....	<u>500.000</u>	<u>10.395.539</u>	<u>10.895.539</u>

## 7. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	2019	2018
Lánardrottinnar .....	6.958.437	8.310.140
Ógreiddur kostnaður .....	191.070	801.531
	<u>7.149.507</u>	<u>9.111.671</u>
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Áfallið orlof starfsmanna .....	11.755.000	7.960.000
Ógreidd staðgreiðsla .....	2.969.917	1.957.746
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	2.332.306	1.669.808
Ógreitt tryggingargjald .....	818.150	576.018
Ógreidd félagsgjöld .....	317.887	215.243
Ógreitt starfsmannafélag .....	470.000	119.250
Ógreidd laun .....	46.000	0
Aðrar skuldir .....	128.286	24.349
	<u>18.837.546</u>	<u>12.522.414</u>
<b>Skuldir við tengda aðila</b>		
RSÍ gagnvart RAFMENNT .....	135.966	910.158
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins .....	0	163.683
	<u>135.966</u>	<u>1.073.841</u>

## 8. Staða verkefnasjóða

Staða verkefna fyrir Menntasjóð og Fræðslusjóð atvinnulífsins er metin þannig 31. desember 2019:

	Ráðstafað umfram framlög	Ólokin verkefni
Menntasjóður - ráðstafað umfram framlög v/ spjaldtölva.....	8.647.000	0
Menntasjóður - ráðstafað umfram framlög v/ öryggi og áhætta.....	1.800.000	0
Menntasjóður - ólokið v/þróunar námskeiða.....	0	5.540.000
Menntasjóður - ólokið v/Faghagskóla.....	0	5.300.000
Menntasjóður - ólokið v/námskeiða fyrirtækja.....	0	1.000.000
Menntasjóður - ólokið v/rafbókar.....	2.481.000	0
Menntasjóður - ólokið v/ferilbókar.....	0	4.100.000
	<u>12.928.000</u>	<u>15.940.000</u>

## 9. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í mars 2020 fóru áhrif faraldurs vegna COVID-19 veirunnar að gæta í rekstrarumhverfi félagsins. Mikil óvissa ríkir um framhaldið en almenn áhrif faraldursins á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk. Ekki er fyrir séð um áhrif faraldursins á starfsemi félagsins en að mati stjórnar hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins.

## Skýringar ársins 2019 frh.

	2019	2018
<b>10. Framlög og aðrar tekjur</b>		
Framlög frá Menntasjóði .....	277.400.000	186.466.070
Leiga á stofum .....	2.536.000	5.208.000
Annað .....	1.023.004	0
	<u>280.959.004</u>	<u>191.674.070</u>
Ónýttur styrkur í ársbyrjun .....	13.155.365	12.502.720
Yfirteknir styrkir frá Fræðsluskrifstofu rafiðna .....	11.110.000	0
Ónýttur styrkur í árslok .....	( 15.940.000)	( 13.155.365)
<b>Framlög og aðrar tekjur</b>	<u>289.284.369</u>	<u>191.021.425</u>
<b>11. Námskeiða- og verkefnakostnaður</b>		
Spjaldtölvuverkefni .....	14.945.995	0
Styrkur til félagsmanna v/námskeiða annars staðar .....	11.719.005	8.523.105
Auglýsingar og kynningarkostnaður .....	7.675.416	8.845.697
Rafbókarverkefni .....	4.786.366	0
Rekstur tölvukerfis.....	4.594.104	2.643.735
Námsgögn og kennslugögn .....	3.225.615	1.084.566
Ýmis námskeiðakostnaður .....	2.261.856	3.969.574
Þjálfun kennara .....	1.554.823	601.479
Gagnvirkt námsefni .....	1.285.827	2.409.594
Fundar- og kaffikostnaður .....	1.103.755	1.298.249
Ferðastyrkur til félagsmanna v/námskeiða .....	770.878	651.703
Viðhald á kennslutækjum .....	375.829	844.737
Burðargjöld .....	197.260	144.990
Innheimtukostnaður .....	52.400	74.875
Tæknibækur og blöð .....	27.391	31.419
<b>Námskeiða- og verkefnakostnaður</b>	<u>54.576.520</u>	<u>31.123.723</u>
Ólokin verkefni í ársbyrjun .....	630.000	0
Yfirtekn verka frá Fræðsluskrifstofu rafiðna .....	19.700.000	0
Ráðstafað umfram framlög .....	( 12.928.000)	0
<b>Námskeiða- og verkefnakostnaður</b>	<u>61.978.520</u>	<u>31.123.723</u>

	2019	2018
<b>12. Laun og tengd gjöld</b>		
Laun .....	123.215.136	78.459.468
Orlof starfsmanna; hækkun (lækkun) .....	3.795.000	2.651.000
Tryggingagjald .....	9.606.485	6.416.427
Lífeyrissjóðsgjöld .....	18.537.046	11.417.148
Ökutækjastyrkir .....	3.800.678	3.793.828
Dagpeningar .....	1.153.128	1.720.945
Þátttaka fræðsluskrifstofu í launum .....	( 19.287.359)	0
Verktakar .....	26.200.909	24.891.958
Annar starfsmannakostnaður .....	5.848.741	4.581.886
<b>Laun og tengd gjöld</b>	<b>172.869.764</b>	<b>133.932.660</b>
Stöðugildi að meðaltali .....	15	9
<b>13. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Húsaleiga .....	25.211.927	19.286.547
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	7.893.790	5.441.084
Viðhald húsnæðis .....	6.805.537	7.340.643
Ræsting, öryggisgæsla o.fl. ....	6.588.439	5.656.712
Móttaka gesta, gjafir og framlög .....	4.163.118	839.971
Hússjóður .....	2.597.118	3.575.232
Sími, fjarskipti og burðargjöld .....	1.565.995	734.883
Fundarkostnaður .....	1.464.210	1.522.415
Reikningsleg aðstoð .....	854.565	613.465
Rafmagn og hiti .....	850.503	548.345
Ritföng og prentun .....	565.515	237.418
Vátryggingar .....	493.684	453.189
Gjaldfærð áhöld og viðhald .....	457.647	697.421
Íþróttastyrkir og gjafakort .....	60.000	30.000
Ferðakostnaður .....	0	27.600
Annar kostnaður .....	72.050	52.450
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>59.644.098</b>	<b>47.057.375</b>